La obra de Escudos refleja la sociedad salvadoreña y en particular la situación de la mujer dentro de ésta sociedad. La autora discute temas como la subordinación de la mujer, su sumisión, la omnipresencia del patriarcado y los modelos a seguir para el hombre, tanto como la mujer moderna. Uno de los sub-temas es la violencia doméstica que tristemente es la realidad para muchas mujeres salvadoreñas aún en día, como confirmaron los estudios hechos por los movimientos feministas en 2008, discutidos anteriormente. También destaca la presentación de la represión sexual que siente la mujer en la sociedad salvadoreña. La obra refleja lo que confirmaron las *Co-Madres*, es decir que muchas mujeres nunca han experimentado el placer sexual y la vergüenza de las mujeres al hablar sobre sus experiencias sexuales. El resultado de la represión implica un desconocimiento de la mujer acerca de los asuntos sexuales y la sobrevivencia de una imagen poco realista sobre el tema.

Como ha sido revelado la Iglesia Católica representa uno de los puestos en la sociedad que desde la conquista ha influido en los modelos de conducta y formado parte de la gerencia cultural, además de formar los valores éticos acerca de las relaciones sexuales. La iglesia también ha operado como el agente de presión más importante contra la planificación familiar y la legalización del aborto, que según Vuola es uno de los asuntos fundamentales que mantienen la represión de la mujer. Pero también hay que notar que según Salazar la culpa no la tiene la religión en sí misma sino la mentalidad patriarcal y la falta de una perspectiva

femenina dentro la Iglesia Católica. La mentalidad “marianista” se promueve por la religión y enfatiza el papel de la mujer como madre, aunque los primeros movimientos femeninos aumentaron aún este énfasis con su posición “Feminismo Compensatorio”, es decir que en vez de buscar igualdad con el hombre ponían el énfasis en los roles del hombre y la mujer basados en su herencia cultural.

En la obra aquí discutida Jacinta Escudos crítica el papel de la mujer y de la madre, además que discute el tema de los derechos reproductivos. Al través del texto despliega el énfasis que pone la sociedad en el papel de la madre y la actitud dominante en contra del aborto. Para cambiar la representación de la mujer salvadoreña como el uno o el otro, “La Virgen María” o “María Magdalena”, la sociedad tiene que asumir la perspectiva femenina y tomar en serio los planteamientos de los movimientos feministas, como las *Dignas*. Mientras tanto las luchadoras por el cambio de la situación de la mujer, como Jacinta Escudos, tienen que seguir luchando por la igualdad de los géneros para cambiar la sociedad.

## **Bibliografía**

### Libros:

Escudos, Jacinta. 2001. *El desencanto*. San Salvador: Dirección de publicaciones e Impresos, Consejo Nacional para la Cultura y el Arte.

Masoliver, Joaquín y Vidales, Carlos. 1995. *América Latina*. Copenhagen: Samfundslitterature.

Potthast, Barbara. 2010. *Madres, Obreras, amantes...: Protagonismo femenino en la historia de América Latina*. Trad. Acanda, Jorge Luis. Orlando: Iberoamericana Vervuert.

Sigurður Hjartarson. 1996. *Rómanska-Ameríka*. Reykjavík: Mál og Menning.

Skidmore, Thomas E. y Smith, Peter H. 1997. *Modren Latin America*, 4 th ed. New York: Oxford.

Stephen, Lynn. 1997. *Women and Social Movements in Latin America: Power From Below*. Austin: University of Texas Press.

Vázquez, Germán y Martínez Díaz, Nelson. 1990. *Historia de América Latina*. Madrid: Sociedad General Española de Librería.

### Fuentes virtuales:

Aguirre, Liz. 2001. “Jacinta Escudos presenta *El Desencanto*”. *El Diario de Hoy*. Última consulta 18.01.2013.  
<http://www.elsalvador.com/noticias/2001/8/13/ESCENARIOS/escen3.html>

Amnistía Internacional. 2001. “El Salvador: El camino hacia la paz pasa por la justicia”. Última consulta. 17.12.2012.  
<http://www.amnesty.org/en/library/asset/AMR29/001/2001/en/69dc3bce-dc53-11dd-bce7-11be3666d687/amr290012001es.pdf>

BBC News. “Time line- El Salvador”. Última consulta. 19.01.2013.  
[http://news.bbc.co.uk/2/hi/americas/country\\_profiles/1220818.stm](http://news.bbc.co.uk/2/hi/americas/country_profiles/1220818.stm).

California State University Northridge. “Faculty- DR. Beatriz Cortez”. Última consulta 08.01.2012. <http://www.csun.edu/cas/Faculty-Cortez.html>

Comadres. “Bienvenidos”. Última consulta. 05.12.2012.  
[http://comadres.org/main\\_espanol.html](http://comadres.org/main_espanol.html)

Cortez, Beatriz. “El desencanto de Jacinta Escudos y la búsqueda fallida del placer“. *Istmo*. Última consulta. 09.11.12. <http://istmo.denison.edu/n03/articulos/desencanto.html>

- Cordero, Marío. 2008. "Se llama Jacinta Escudos y el Diablo sabe su nombre". *La hora*. Última consulta. 09.11. 2012.  
<http://www.lahora.com.gt/index.php/cultura/cultura/agenda-cultural/97184-se-llama-jacinta-escudos-y-el-diablo-sabe-su-nombre>
- Diario Co Latino. 2008. "Organizaciones feministas analizan problemas de la mujer en El Salvador". Última consulta. 05.11.2012.  
<http://www.diariocolatino.com/es/20080221/nacionales/52383/>
- Escudos, Jacinta. 2011. "La Autora". *Jacintario*. Última consulta 27.10.12.  
<http://jescudos.wordpress.com/autora/>
- Las Dignas. "Quienes somos". Última consulta. 05.12.2012.  
<http://lasdignas.org/quienes-somos.php>
- OSAC. "El Salvador Crime and Safety Report". 2011. Última consulta 04.11.2012.  
<https://www.osac.gov/Pages/ContentReportDetails.aspx?cid=10561>
- Salazar, Marilú Rojas. 2010. "Experiences and Reflections on a Latin American Feminist Theology of Liberation Using an Ecofeminist Key Towards an Indigenous Women's Perspective". *The Ecumenical Review* 62: 4, 411- 422. Última consulta 28.11.12.  
<http://www.google.com/url?q=http%3A%2F%2Fsearch.proquest.com%2Fdocview%2F1021060436%2Fabstract%2F13AABBEBD0312FEFA17%2F1%3Faccountid%3D28822&sa=D&sntz=1&usg=AFQjCNF5XPDA1CPftQper7ru8JGQtreQvw>
- The World Fact Book."Central America and Caribbean: El Salvador". Última consulta 09.11.12. <https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/geos/es.html>
- Vuola, Elina. 2006. "Sick with the Virgin? Religion, Feminism, and Latin American Women". *Mujeres latinoamericanas en movimiento*, 55-72. Hólmfríður Garðarsdóttir, edt. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.
- Wood, Martin L. y Price, Paul. 1997. "Machismo and Marianismo: Implications for HIV/Aids reduction and education". *American Journal of Health Studies*. 13:1, 44-52. Última consulta 28.11.12.  
<http://search.proquest.com/docview/210469064/abstract/13AB1CF57E47C69CD96/2?accountid=135943>

## Apéndice

Þýðing á völdum köflum úr bókinni

# *El desencanto*

*eftir Jacinta Escudos*



## Maðurinn með kvenlegu hendurnar<sup>8</sup>

Hún kynnist manni með kvenlegar hendur.

Hendurnar eru fíngerðar og þurrar vegna veðurfarsins, en neglurnar vel hirtar og glansandi, þjalaðar. Sjálfur segist hann láta snyrta þær hjá konu á hárgreiðslustofunni. Óaðfinnanlega snyrtar neglurnar eru í hrópandi andstöðu við illa hirtar hendurnar sem eru byrjaðar að skorpnna, af því að hann notar ekki krem. Og umfram allt þá eru vel hirtar neglurnar í algjörrri andstöðu við restina af líkamanum. Hann lítur út eins og karlmaður en er lægri en hún, grannvaxinn, með smá bumbu, á fertugsaldri og gersamlega sneyddur líkamlegu aðdráttarafla.

Þessi þráhyggja hans yfir nöglunum var henni ráðgáta og hún vissi aldrei ástæðuna. Hún gat ekki annað en starað á hendurnar á honum, þær vöktu með henni andstyggð, óbeit.

Hana grunar að hann sé í einhvers konar rómantískum hugleiðingum, en hún hefur ekki áhuga. Við áhugaleysið bætist reynsluleysi hennar. Arcadia er 19 ára og hefur aldrei á ævinni átt kærasta. Í fyrsta skipti sem maðurinn með kvenlegu hendurnar kyssir hana er í skógarjaðrinum. Hún hefur varla tíma til að bregðast við, hörfa.

Þegar hann kyssir hana, lætur hún það yfir sig ganga. Maðurinn er sterkur og henni finnst kjánalegt að berjast á móti. Henni býður við yfirvaraskegginu. Hún leyfir honum að kyssa sig en lokar ekki augunum. Horfir á andlit mannsins, aftan við gleraugun, þétt upp við hana eru lokuð augun.

En Arcadia er víðs fjarri. Hún er ekki í þessum kossi, þessum vörum. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að það sé ekki raunveruleg tenging milli þess sem gerist í líkamanum og tilfinningalegrar upplifunar. Engin afdráttarlaus tenging.

Eftir að hafa kysst hana, þá faðmar maðurinn hana og þrýstir líkama sínum að hennar. Felur andlit sitt í síðu hári konunnar. Og hún, stíf sem spýta, leyfir honum það.

Þegar hún heyrir og finnur mäsandi öndun mannsins, rankar hún við sér og ýtir honum frá sér. Með þeim orðum að þau skulu halda göngunni áfram vegna þess að það gæti einhver séð til þeirra. Hún segir ekki það sem hún er að hugsa: „Ég vil ekki láta sjá mig með honum þessum, ég myndi dauðskammast mín“.

Hann hlær af fyrirslætti hennar, en lætur það gott heita.

---

<sup>8</sup>Escudos, Jacinta, “El hombre que tiene manos de mujer” en *El desencanto* (San Salvador: Dirección de publicaciones e Impresos, Consejo Nacional para la Cultura y el Arte, 2001), 13-17.

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Spænska**

# **Virgen María o María Magdalena**

*¿Existirán otras variantes de representación?*

**Ritgerð til BA -prófs í Spænsku**

**Sólrún Edda Tómasdóttir**

**Kt.: 291271-3329**

**Leiðbeinandi: Hólmfríður Garðarsdóttir**

**Febrúar 2013**

Í annað skipti, nótt eina þegar þau eru á heimleið einhvers staðar frá, kyssir hann hana aftur, í þetta skiptið í bílnum. Arcadia gerir ekki neitt. Hún leyfir honum að kyssa sig, svo byrjar hann að þukla á henni. Hann káfar á brjóstunum á henni og klofinu. Tilfinningalaus lætur hún þetta yfir sig ganga.

Í rauninni þá leyfir hún honum að gera þetta vegna þess að hún veit ekki hvernig hún á að segja nei. Enginn hefur rætt við hana um þessa hluti. Enginn hefur rætt við hana um karlmenn, um það sem karlmenn gera þegar þeir eru í einrúmi með konu. Eða hvað konur eiga að gera í þessum kringumstæðum. Engin vinkona hefur treyst henni fyrir þess háttar einkamálum. Ekki heldur mamma hennar. Það litla sem hún veit er það sem að hún hefur séð í bíómyndum, það sem hún hefur lesið í bókum og það sem hún hefur heyrt sungið um í dægurlögum.

Hún hefur líka heyrt talað um ástina, hvernig líkamar geta nötrað af ástríðu. Hversu göfug og ógleymanleg ástin er, hvernig maður þjáist ef hinn heittelskaði er ekki hjá manni.

Hún hefur heyrt talað um kynlíf sem líkamleg og leyndardómsfull ástaratlot.

Arcadia er ekki ástfanginn af þessum manni og í rauninni ekki af nokkrum öðrum manni.

Henni líkar ekki einu sinni við þennan mann. Og hún skilur það ekki, (gæti verið að einhvern tímann myndi hún gera það). Hvað hefur líkaminn með ástina að gera, fyrst ástin er tilfinning en líkaminn efnislegur. Upplifa ástina með líkamanum? Fyrir henni eru tilfinningar og efnislegir hlutir óviðkomandi hvort öðru, jafn miklar andstæður og dagar og nótt.

Arcadia getur ekki sagt honum að hætta. Hún veit ekki hvernig hún á að segja „nei“ við hann án þess að það hljómi eins og hún sé ókurteis, dónaleg. Þess vegna lætur hún þetta yfir sig ganga, þessar þuklandi hendur. Hún lætur sig hafa sturnar, tunguna sem fyllir eyrun á henni af munnvatni, smáatriði sem fara mjög svo í taugarnar á henni.

Þegar hún finnur fyrir tungunni í eyranu fer hún að velta því fyrir sér hvort hann finni beiskt bragðið af eyrnamergnum. Veltir fyrir sér hvort að eyrun á henni séu hrein. Í rauninni hafði það ekki hvarflað að henni um morguninn, þegar hún var að hafa sig til fyrir daginn, að seinna þetta sama kvöld myndi einhver maður vera að troða tungunni inn í eyrað á henni.

Hann tekur hönd hennar og lætur hana á félagann á sér. Í gegnum fötin finnur hún að félaginn á honum er þrúttinn og hugsar með sér að hann komist varla fyrir í buxunum lengur, þetta hljóti að vera óþægilegt. Það er eins og hann lesi hugsanir hennar því hann rennir niður rennilásnum á buxunum og setur hönd hennar inní buxurnar til að snerta félagann.

Arcadia hefur aldrei snert féлага á nokkrum manni. Hún hefur ekki einu sinni séð svoleiðis, nema í einstaka blöðum, þessum sem stundum er hægt að fletta í sjoppum niðri í miðbæ. Hún flettir þeim alltaf í laumi, þannig að enginn sjái til hennar, svo að fólk fari ekki

að halda eitthvað misjafnt um hana. Eina ástæðan fyrir því að Arcadia flettir þessum blöðum er til að sjá hvernig félaginn á karlmönnum lítur út. Til þess að verða ekki of hissa þegar að því kemur að hún sjái einn í alvörunni.

Maðurinn er of æstur til að taka eftir algjöru áhugaleysi konunnar. Hann heldur að hún sé feimin, reynslulaus. Sem kemur sér vel fyrir hann. Þá getur hann sýnt henni skref fyrir skref það sem hann vill að hún geri.

Nokkrum sinnum tekur hún hendina út, en hann þráast við, tekur í höndina á henni og setur hana aftur innundir buxurnar, svo hún geti gælt við þrútinn félagann. Þegar hún tekur hendina út í þriðja skiptið og þykist frekar vilja faðma hann, þá tekur hann félagann út úr buxunum og beinir höfðinu á henni í áttina að honum.

Arcadia veit ekki hvað hún á að gera þar. Hún heyrir að hann biður hana um að kyssa hann. „Kyssa þetta?“, hugsar hún. Þegar hún hikar, ýtir hann höfðinu á henni niður með afli. Og hún, ófær um að hörfa byrjar, að kyssa félagann. Lyktin er súr, blanda af svita og þvagi.

Hún reynir að lyfta höfðinu, en hann leyfir það ekki. Hann leyfir henni ekki að hætta, hvorki til að hreyfa sig eða tala. Ekkert. Hún á að kyssa, sjúga, narta, eftir því sem hann gefur til kynna.

Hún hlustar á frygðarstunur hans og fyllist viðbjóði. Það kemur fát á hana og hún kúgast ósjálfrátt þegar henni finnst limurinn vera að kæfa sig.

Skyndilega finnur hún munninn fyllast af vökva sem spýtist inn í þvílíku magni að henni liggur við köfnun. Henni svelgist á og hrækir sæðinu laumulega út úr sér á meðan maðurinn, í eigin heimi, gefur frá sér háværa fullnægingarstunu.

Hún reisir sig við. Hallar sér aftur í sætinu.

Úti, á götunni, er nótt. Það er enginn annar á bílastæðinu.

Maðurinn kyssir hana á kinnina. Hún þvingar fram bros en finnur fyrir sorg. Hún veit ekki hvað hún á að segja við þennan ókunna mann sem hún hefur algjöran viðbjóð á.

Hana langar að opna hurðina á bílnum. Hlaupa.

Henni finnst munnurinn á sér vera óhreinn.

## Fyrsta skiptið<sup>9</sup>

*Hver er hræddur við stóra ljóta úlfinn?*

Arcadiu dreymir, eins og allar stelpur/ konur/ ekkjur og aðrar fjörgamlar kerlingar sem hún þekkir um komu mjög frægrar persónu, sem þekkt er í rómantísku samhengi sem „Riddarinn á hvíta hestinum“. Enginn veit þó með vissu hvernig draumaprinsinn lítur út, en heyrst hefur að hann komi ríðandi á hvítum fáki og í æðum hans renni helst blátt blóð.

Fyrir Arcadíu er liturinn á hestinum og blóðinu smávægileg aukaatriði, henni finnst heldur ekki nauðsynlegt að hann sé prins. Það eina sem henni finnst mikilvægt er að hann elski hana, eins og gerist í ævintýrunum / bíómyndunum / skáldsögunum, og að þau muni lifa hamingjusöm til æviloka, um aldir alda, amen.

En hún hafði líka heyrt orðróm um að ef manneskja, sem hefur áhuga á að finna þann eina sanna, hafi ekki augun hjá sér og leiti með opnum huga geti sá sem um ræðir sloppið óséður framhjá frumskógi tilfinninganna. Það gæti leitt af sér harmleik af óútreiknanlegri stærðargráðu.

Og hvað er hægt að gera þegar lífshamingjan veltur, að því er virðist, á rússneskri rúllettu? Jú, það sama og pókerspilarar gera: reyna aftur og aftur. Hætta ekki að spila fyrr en þú hefur unnið stóra vinninginn eða tapað öllu sem þú átt.

Í þessu hugarástandi er okkar heittelskaða sögupersóna. Hún situr í vagni í neðanjarðarlestinni í Berlín, og veltir fyrir sér hvað bíði hennar eftir einar sjö stoppistöðvar. En að sjálfsögðu þá er lestin í Berlín, sem á þessum tíma var enn skipt í tvennt með múrnum (til sælla minninga), ein þeirra skilvirkustu á meginlandi Evrópu. Hún fer yfir stóran hluta borgarinnar á aðeins örfáum mínútum. Það eru aðeins sjö stoppistöðvar þangað til hún mætir örlögum sínum sem þýðir að það séu bara (svona um það bil; án þess að við förum út í algjör smáatriði með tímasetninguna, eins og starfsfólk járnbrautanna í Berlín), 14 mínútur þangað til Arcadia mætir örlögum sínum.

Sennilega er það ástæða þess að Arcadia er upptrekt, djúpt hugsí og utan við sig, Og ástæða þess að hjartslátturinn eykst, eftir því sem leiðin styttest.

Nú skal ég segja ykkur: Arcadia hefur mælt sér mót við mann, sem henni líkar mjög vel við, á einni lestarstöðinni, en hann er að minnstakosti 20 árum eldri en hún. Héðan í frá

---

<sup>9</sup> Escudos, Jacinta, “El hombre de la primera vez” en *El desencanto* (San Salvador: Dirección de publicaciones e Impresos, Consejo Nacional para la Cultura y el Arte, 2001), 21-34.

verður hann kallaður Úlfurinn. Auðvitað er það ekki hans raunverulega nafn, né nafnið sem hann er kallaður alla jafnan.

Fyrsta hættumerki: Arcadia getur ekki með nokkru móti hugsað sér að vera í sambandi við mann sem er svona miklu eldri en hún. Eins og mamma hennar sem giftist pabba hennar, 30 árum eldri.

Þessar kringumstæður leiða til þess að grunur læðist að Arcadiu um að þetta verði ekki saklaust stefnumót þar sem þau muni haldast í hendur og kyssast mömmukossum á muninn. Og fyrir utan nokkra ógeðslega og misheppnaða kossa, þá hefur hún litla reynslu á þessu sviði, hvað þá að hún hafi sofið hjá.

Það þarf líka að gera grein fyrir eftirfarandi: Arcadia ber enga sérstaka virðingu fyrir meydómnum. Þrátt fyrir að hafa verið í nunnuskóla í 13 ár og hlotið strangt uppeldi heimavið. Þá er hún sannfærð um að það sem skiptir mestu máli í fari fólks sé manneskjan sem það hefur að geyma. Eiginleikar eins og heiðarleiki og hjartahlýja skipti meira máli en einhver skinnutla sem gæti allteins hafa rofnað á árunum þegar hún stundaði ballett. Líkamlegt athæfi sem stefnir í hættu umræddum þekjuvef (þekktur sem meyarhaft í líffærafræðinni).

Í örfáar sekúndur, þegar hún stendur við lestarhurðina og sér brautarpallinn nálgast þegar lestin hægir á sér, finnur hún fyrir löngun til að setjast aftur, eða fara út og taka næstu lest í gagnstæða átt, fara og koma aldrei aftur.

Hún ákveður samt að fara út. Skimar í kringum sig á brautarpallinum og sér að hann er ekki kominn.

„Úff, þvílíkur léttir“, hugsar Arcadia meðan hún skoðar bækurnar á sölubásnum, ásamt súkkulaði, sigarettunum og sælgæti, sem hún mundi kaupa ef sjoppan væri opin. Hún fer að ókyrrast og gefur honum nákvæmlega þrjár lestir til að koma sér á staðinn: Ef Úlfurinn er ekki kominn þegar þriðja lestin kemur, þá fer hún og ætlar aldrei að hitta hann aftur.

Allt í einu er hún viss (eða þykist vera það) um að hann komi ekki, að hann hafi gleymt stefnumótinu, að eitthvað hafi komið uppá; ein lest fer framhjá, svo kemur smá bið í þá næstu, eins og reglur gera ráð fyrir, næsta fer framhjá og loftið þyrlast upp á brautarpallinum. Nú vantar bara eina, hún er við það að ganga um borð í þriðju lestina þegar, ah, þvílík óheppni, hann kemur hlaupandi niður tröppurnar sem tengja brautarpallinn við götuna. Niðurlútur biðst hann afsökunar og brosir. Eigum við að koma? – Segir hann og býður henni arminn. Og Rauðhetta tekur um arminn á vonda grimma Úlfinum; þau halda af stað inní borgina. Nóttin er dimm og köld.

Þau fíflast og blaðra meðan þau ganga eftir götunni. Arcadia fylgist í laumi með leiðinni sem vondi Úlfurinn leiðir hana, svona ef hún þyrfti að hlaupa/ hörfa/ leita hjálpar (af því núna veit hún hvað Úlfar gera þegar þeir eru með Rauðhettum, einum og grandalausum í skógarjaðrinum).

- Og þessi veggur? – Spyr Arcadia, þegar hún sér langan steinvegg við götuna, þar sem hún gerir ráð fyrir að Úlfurinn búi.

Á sekúndubroti vaxa eyru Úlfsins, munnvatn rennur niður vígtennurnar og hann núir saman loðnum lófunum, lostafullur hugsar hann með sér: - Við þennan vegg ætla ég að króa þig af og rífa utan af þér fötin, til að ég geti betur gætt mér á þér, kæra Rauðhetta-, en hann lætur sér nægja að segja:

- Þetta er kirkjugarður.

Æ, en rómantískt, hugsar Rauðhetta og gengur með vonda Úlfinum meðfram steinvegg kirkjugarðsins. Nóttin er stjörnuþjört, endastöðin sláturhúsið: Rauðhetta upplýst neonljósum.

Greni, það er að segja íbúð Úlfsins, er til húsa í ævagamalla byggingu, einni af þessum þar sem salernið er frammi á gangi og íbúarnir í húsinu þurfa að nota sameiginlega, smáatriði sem kvenhetjan okkar tekur eftir. Á meðan Úlfurinn, taugatrektur eins og allir úlfar verða áður en þeir borða fórnarlömbin sín, blaðrar tóma vitleysu og útskýrir fyrir henni að bakvið litlu hurðina í horninu sé klósettið. Aukaatriði sem minnir Rauðhettu á að pissa eins lítið og mögulegt er. Svo hún þurfi ekki að fara fram á dimman kaldan ganginn, með lykilinn sem Úlfurinn lætur hana hafa, og vona að það sé ekki upptekið akkúrat þegar hún þarf nauðsynlega að tæma blöðruna. Þegar komið er inn í íbúðina þá eru eldhús og borðkrókur á hægri hönd, svo stórt herbergi sem er allt í senn stofa, svefnherbergi, vinnustofa, staður rannsókna og hugleiðslumiðstöð Úlfsins.

- Hvar baðar þú þig ? - Spyr Rauðhetta til að segja eitthvað. – Í eldhúsinu-svarar Úlfurinn og sýnir henni einhvers konar bala, hann er kringlóttur og umhverfis hann hangir sturtuhengi úr plasti. Það getur ekki verið að nokkur maður komist þarna fyrir hugsar hún.

Arcadia hlær. Henni finnst tilhugsunin um að sturta sig í eldhúsinu ótrúlega fyndin. En henni finnst kulduinn í íbúðinni ekki jafn fyndinn og Úlfurinn útskýrir fyrir henni að það sé engin kynding í húsinu. Heldur sé íbúðin hituð með því að setja kol í eitthvert risastórt ferlíki, einhverskonar fornaldarofn. Arcadia trúir honum varla og hristir höfuðið hneyksluð.

- Í Mið-Ameríku, þaðan sem ég kem, þá notar fólk kol til þess að grilla kjöt á sunnudögum- útskýrir hún fyrir honum.

- Já, en hér í Evrópu notum við kol til þess að hlýja okkur í kuldanum – svarar Úlfurinn.

Kuldinn kemur í veg fyrir að Arcadia fari úr jakkanum. Á meðan Úlfurinn hitar kolin í ofninum ákveður hún að sleppa alveg öllum formsatriðum í sambandi við ömmuna („Ó hvað þú ert með stór augu amma, Ó ji hvað þú ert með stór eyru amma, þværðu þér aldrei um eyrun amma ? Burstar þú aldrei í þér vígtennurnar amma? Þú ert ennþá með kjötlufsur í tönnunum af öðrum grandalausum rauðhettum sem þú borðaðir í skóginum amma“). Úlfurinn færir sig nær Rauðhettu með lymskulegt bros á vör og segir:

- Viltu ekki fara úr jakkanum ?

- Uhu, jú, auðvitað, kjáni get ég verið – svarar Rauðhetta litla. Henni er svo brugðið að hún steingleymir hlutanum með „ bara svo ég sjái þig betur elsku Rauðhetta mín, svo ég finni betur lyktina af þér Rauðhetta forvitnipúki, svo að ég geti betur káfað á þér mjónan þín, svo að ég geti bitið þig fastar gómsæta Rauðhetta litla, svo að ég geti stokkið á þig litla fullkomna Rauðhetta“, og hún leyfir honum að færa sig úr jakkanum og treflinum. Smettið á Úlfinum er svo nálægt hennar að hún finnur lyktina af skegghárunum. Varirnar á Úlfinum svo nálægt hennar að áður en hún veit af eru þau að kyssast. Handleggir Úlfsins svo nálægt líkama hennar að fyrir en varir finnur hún fyrir þeim á sér og líkami villidýrsins svo nálægur hennar að áður en hún veit af er hún umvafin honum. Hún leyfir þessu að gerast, leyfir honum að klæða sig úr öllum fötonum, ásamt jakkanum og treflinum. Leyfir honum að bera sig að rúmi sjúka pervertsins, Úlfsins grimma.

Þannig gerðist það að Arcadia var í fyrsta skipti á ævinni allsnakin fyrir framan ókunnugan mann (af því í sannleika sagt þá hafði hún bara hitt hann nokkrum sinnum). Eða réttara sagt nakin undir sæng í rúmi ókunnugs manns.

Henni líður hálf vandræðalega, en á sama tíma er hún mjög forvitin um það sem á eftir að gerast næstu mínúturnar með þessum manni, sem er líka nakinn undir sænginni, (Þetta er allt kolunum að kenna, þau hafa ekki hitað íbúðina nægilega mikið), og liggur ofaná bringunni á henni, sem orsakar að hún á í erfileikum með að anda almennilega.

Rauðhetta finnur fyrir vonbrigðum. Samkvæmt handritinu sem hún lærði fyrir þetta hlutverk ættu aðalpersónurnar að hafa fengið sér rómantískan kvöldverð með kertaljósum,



honum hefði átt að fylgja konfektkassi eða blómvöndur, óþörf og óendanlega mörg símtöl, ilmandi sendibréf, óteljandi ljúf orð hvísluð í eyru, áður en þær klæða sig úr öllum fötunum og fara upp í rúm. Allt átti þetta að gerast við undirspil ljúfra fiðlutóna og klukknahtjóma.

Henni finnst líka að eitthvað sé ekki eins og það á að vera. Hún hefur séð í bíómyndum hvernig konurnar andvarpa, stynja, loka augunum (Arcadia lokar augunum en bara til þess að sjá ekki það sem er að gerast í öllum vandræðaganginum), en hún finnur enga löngun til þess að andvarpa, stynja og svo framvegis. Hún lætur sig fljóta með straumnum, leyfir honum að kyssa sig, snerta, kreista, þukla. Í hreinskilni sagt þá finnst henni frekar óþægilegt að hafa manninn ofan á sér, hún getur varla andað. Henni finnst heldur ekki notalegt að finna fyrir tungunni sem sleikir á henni eyrað (skritin þessi löngun karlmannna að sleikja á henni eyrun!).

Hún (veit bara alls ekki hvernig hún á að vera, af því að þetta er í fyrsta skipti sem hún gerir þetta og vegna þess að enginn hefur sagt henni hvernig eigi að bera sig að í þessum aðstæðum), einbeitt sér að því að kyssa hann á munninn og renna höndunum eftir bakinu á honum. Hún vogar sér að sjálfsögðu ekki að snerta hann fyrir neðan mitti, það er að segja að snerta á honum rassinn, hvað þá það sem er að framanverðu.

Arcadiu finnst eins og það vanti eitthvað mjög mikilvægt, að það sé eitthvað sem eigi eftir að gerast sem breyti líðan hennar, að á hverri stundu gerist svona „click“ í líkamanum, og að hún verði heltekin af ástríðu, að yfir hana hellist þessi æðisgengna alsæla sem fáir hana til að gleyma stund og stað, og allt þetta bla, bla, bla sem hún hefur heyrt talað um í sambandi við kynlíf.

Allt þetta rennur í gegnum huga Arcadíu, á meðan Úlfurinn með lokuð augun, athafnar sig ofaná henni, gefur frá sér einkennileg hljóð og snertir hana um allan líkamann. Fyrir henni, er hann víðs fjarri, svo óralangt í burtu að henni finnst hún ekki geta snert hann, þrátt fyrir að þau séu (í bókstaflegri merkingu) ofan á hvort öðru.

Milli fóta sér finnur hún fyrir félagi Refsins; þrútnum, stórum, félaganum sem hún þorir hvorki að líta á né snerta, eins og hann hafi öðlast sjálfstæðan vilja leitast hann við að komast að kynfærum hennar. Þar til Refurinn, handlaginn, enn með lokuð augun og þau bæði tvö enn undir sænginni, leitast við að koma honum fyrir, fer að þrýsta honum inn í líkama hennar. Á staðinn (sem gert er ráð fyrir að) einungis hinn útvaldi megi komast í snertingu við (*fyrsta skiptinu gleymir maður aldrei/ maðurinn sem þú gerir það með í fyrsta skipti er ástin í lífi þínu/ þú mátt ekki leyfa neinum að gera þetta með þér ef hann ætlar ekki að giftast þér/Þú mátt bara gera þetta með manningnum sem þú virkilega elskar/ líkami þinn, þinn fullkomni*

*líkami og fegurð meydómsins er stórkostleg gjöf sem þú skalt geyma handa eiginmanni þínum, eina manninum sem mun vera með þér til æviloka/ ef þú sefur hjá manni og gefur honum meydóm þinn mun hann ávallt elska þig og aldrei yfirgefa þig/ ég er að missa meydóminn, Guð minn góður, og nunnurnar sögðu að það væri synd að gera það án þess að vera gift, ég er sem sagt að fremja synd)* í huga hennar birtast senur úr sjónvarpsþáttunum „Simplemente María“<sup>10</sup> með Saby Kamalich og „Esmeralda“<sup>11</sup> með Lupitu Ferrer, sem fjalla um óundirbúnar og óvarkárar kvenhetjur sem voru sviptar meydómnum af öðrum tækifærissinnuðum Refum, líkum þeim sem er ofan á henni, inni í henni. Henni birtast einnig myndir af risastórum borvélum, skurðgröfum sem gera margra kílómetra löng göng í jörðina, steinana, ósnortin fjöllin. Borvél sem þrýstir sér inn í leggöng hennar, nánast án þess að finna fyrir einkennilegri tilfinningu, óþægindum, þrýstingi eins og þegar maður setur í sig túrtappa þegar maður er á blæðingum, og þá reikar hugurinn að tímaritunum sem auglýsa túrtappa sem lausnina fyrir konur til að geta verið í hvítum buxum eða bikini, fullar sjálfstrausts á þessum viðkvæma tíma mánaðarins. Um leið hugsar hún til dansmeyjanna á nektarstöðum sem þurfa að dansa í agnarlitlum naríum, án þess að það sjáist í nokkra örðu af skapahárum, ætli þær raki af sér skapahárin? Og hvernig fara þær að því að dansa þegar þær eru með miklar blæðingar? Af því að eigendur þessara staða, sem oftast eru feitir og skeggjaðir karlar með vindil á milli varanna, geta engan veginn skilið þessar veslings stelpur, sem einn daginn koma með hrikalega kviðverki og biðja um frídag til þess að...

Skyndilega, eru allar þessar vangaveltur hennar truflaðar af Refnum sem segir í skipunartón:

- Hreyfðu þig !

Tón sem Arcadiu finnst alls ekkert ljúfur, rómantískur, skilningsríkur eða hvað þá heldur vinsamlegur.

Arcadia er við það að setja hendurnar á miðlungsloðið brjóst Refsins og ýta honum af sér, standa upp úr rúminu og fara í fötin. Síðan myndi hún segja með vandlætingu, það talar enginn svona við mig“, strunsa út stórmóðguð, skella á eftir sér hurðinni og tala aldrei við hann aftur, og hann myndi ganga á eftir henni með grasið í skónum og grátbiðja hana að taka við sér aftur og ...

---

<sup>10</sup>Sjónvarpsþáttaröð, svokölluð sápuópera vinsæl í lok sjöundaáratugarins og byrjun áttunda áratugarins um mest alla Rómönsku Ameríku.

International Movie Database. Última consulta 16.01.2013  
[http://www.imdb.com/title/tt0402698/?ref\\_=fn\\_tt\\_tt\\_5](http://www.imdb.com/title/tt0402698/?ref_=fn_tt_tt_5)

<sup>11</sup> Sjónvarpsþáttaröð, svokölluð sápuópera vinsæl í byrjun áttunda áratugarins um mest alla Rómönsku Ameríku. Teleprograma. Últimaconsulta 16.01.2013  
[http://teleprograma.fotogramas.es/telenovela/2009/especiales/lupita\\_ferrer\\_rostros](http://teleprograma.fotogramas.es/telenovela/2009/especiales/lupita_ferrer_rostros)

Úlfurinn opnar augun og Rauðhetta litla uppgötvar að rebbi er fúll, hún skilur líka að hún er að gera eitthvað rangt því hann er alveg að fara að öskra á hana aftur, þess vegna spyr hún í sakleysi sínu:

-Hvernig ?

Hún spyr hvort að hann, hálfvitinn, hafi ekki tekið eftir því að hún sé hrein mey, eða að hún hafi allavega verið það þar til fyrir svona um það bil sjö sekúndum síðan, og þess vegna hefur hún ekki minnstu hugmynd um hvað hún á að gera/upplifa/hugsa ( í handritinu af Rauðhettu hefur einhver rífið úr blaðsíðuna með leiðbeiningunum 10 árangursrík og einföld skref til að stunda samfarir). Úlfurinn grípur um beinaberar mjaðmirnar á hennar og byrjar að hreyfa þær, Arcadiu finnst þessi hreyfing helst líkjast afkáralegum dansi. Yfir hana hellist löngun til þess að hlæja af öllum þessum kjánagangi en hún óskar þess líka að eitthvað fari að gerast eða að þessu ljúki fljótlega, vegna þess að í hreinskilni sagt þá er henni farið að leiðast þetta hnoð.

Úlfurinn stynur, Úlfurinn andar hratt, Úlfurinn gleymir skóginum, ömmu litlu, veiðimönnum og klaufalegu Rauðhettu litlu sem liggur undir honum, Úlfurinn er staddur á vetrarbrautinni dimmu, Úlfurinn er geimfari sem er hræddur við myrkrið og kreistir saman augun til að sjá það ekki (myrkrið eða Rauðhettu litlu ?). Úlfurinn er líka geimskip sem skýst á ljóshraða upp í stjörnuþöku alheimsins, Úlfurinn er raketta sem springur í þúsund mola sem eyðileggur hans eigin líkama, huga, hendur, hugsanir, glitrandi stjörnuregnir dofna hægt og rólega þar til það deyr, eins og allt annað í lífinu, á meðan hendur hans verða aftur loðnar eins og á hverjum öðrum úlfi. Þær eru ekki lengur silfurlitaðar hanskaklæddar hendur geimfarans, einfarans sem skýst upp á topp óendanleikans án þess svo mikið sem hafa tíma til að athuga hvort Guð sé staddur þar, því jafnskjótt snýr hann til jarðar í rúm ömmu litlu þar sem hann bíður alltaf, grímuklæddur, eftir öllum litlu Rauðhettunum sem villast af braut, ah, druslur, það er svo auðvelt að leiða þær allar á villigötur, þær eru svo auðveld bráð fyrir úlfa og veiðimenn, eða hvað heldur þú ?Heldur þú að allar rauðhettur séu klæddar í rautt af því að það er eini liturinn á lager?

Arcadia tekur eftir að Úlfurinn liggur kyrr, mäsandi ofan á henni og hún heldur niðri í sér andanum, en heldur það ekki lengi út. Hún heldur að hann sé þreyttur, að hann sé að taka smá pásu þarna ofan á ræfilslegum brjóstakassanum á henni. Þegar Úlfurinn tekur eftir því að hún á erfitt með andardrátt, tekur hann félagann, sem er enn í kynfærum hennar, snögglega út og leggst við hliðina á henni, án þess að segja orð.

Rauðhetta litla skynjar að þetta eru endalokin, að nú er allt búið. Hún fær það staðfest þegar Úlfurinn teygir höndina, enn með lokuð augun, að litlu borði við hliðina á rúminu og nær í tvær sígarettur. Hann setur þær í munninn og kveikir í báðum í einu, býður henni aðra og segir:

- Hérna, þetta er gott þegar maður hefur ekki fengið fullnægingu.

Arcadia tekur við sígarettunni. Þannig fær hún tilkynningu um að hún hafi ekki fengið fullnægingu (sem hún ætti að hafa fengið), að allt sér búið ( í bili) og svona almennt séð þá hafi hennar frammistaða verið undir meðallagi.

Arcadia reykir þó hún hafi enga löngun til þess. Í rauninni þá þarf hún að fara á klósettið, en það krefst þess að hún klæði sig, fari fram á kaldan ganginn með lykil í hendinni, allt þetta vesen verður til þess að hún nennir ekki að fara og lætur sig hafa það að halda í sér í smá stund. Hún hugsar um síðustu mínútur, þegar maðurinn snerti hana (og fær einkennilegan doða í húðina) og hún hugsar, vonsvikin, „er þetta búið?, Var þetta allt og sumt?“

- Þú hefðir átt að segja mér að þú værir hrein mey.

- Mér fannst það ekki skipta miklu máli.

- Var aldrei búið að segja þér að meydómurinn væri það verðmætasta sem hver kona á og allt það bull?

- Jú, en einmitt af því að þetta er bull þá tók ég það ekki mjög alvarlega.

Skyndilega lyftir Úlfurinn upp sænginni. Það eru blóðblettir í lakinu. Arcadia horfir á þá, snortin. Hún vill biðja um það sem gjöf. Hún vill geyma það, ekki til minningar um manninn, heldur sem minningu um sjálfa sig. Hún hugsar líka með sér að hún ætti að hengja það út um þröngan gluggann á íbúð Úlfsins, gluggann sem snýr að lokuðum garði byggingarinnar, til þess að allir leigjendurnir viti að hún var hrein mey, þar til fyrir stuttu. Hún hugsar um litlu þorpin á Ítalíu (sem hún hafði séð fjallað um í heimildarmynd), þar sem blettótta lakið er hengt upp á svölunum fyrir framan svefnherbergi nýgiftra hjóna daginn eftir brúðkaupsnóttina, til þess að allir íbúarnir viti (samkvæmt efnislegum og áþreifanlegum sönnunargögnum, nákvæmum og áreiðanlegum), að konan er heiðvirð kona. En Úlfurinn segir henni að standa upp og klæða sig, hann þurfi að leggja lakið strax í bleyti svo að blettirnir festist ekki í því.

Arcadia er ekkert að rökræða við hann. Gerir bara eins og henni er sagt. Það veldur henni vonbrigðum að náunginn vilji ekki geyma meydómslakið til minningar um þessa nótt. Hún biður um lakið, en hann svarar:

- Þú getur ekki geymt til eilífdar lak með blóðblettum. Láttu ekki eins og vitleysingur.

Hún er aftur komin í fötin, meira að segja jakkann og trefilinn. Rauðhetta litla og Úlfurinn kveðjast með kossi í dyragætt íbúðarinnar. Það er langt liðið á kvöldið, klukkan er næstum 11 og ef Hettan drífur sig ekki, þá breytist hún í grasker á miðnætti og finnur enga lest til þess að fara með heim. Úlfurinn er í náttslöpp og töflum, hann afsakar sig og segir að hann geti ekki fylgt henni í lestina af því hann sé svo þreyttur. Arcadia skilur það, eftir allt þetta líkamlega erfiði.

Á leiðinni niður tröppurnar í stigaganginum, hugsar Arcadia um nóttina köldu sem bíður hennar, um göngustíginn við hliðina á kirkjugarðinum, um óræðar hættur borgarinnar. En hugsar einnig að úr þessu hafi hún ekki mikið að óttast, því að kona ein á ferð þurfi bara að óttast tvennt: að missa meydóminn og vera drepin.

Og meydómi hennar hafði fyrir stuttu síðan blætt út, á lak sem hvílir í járnþala með köldu vatni og þvottaefni í íbúð Úlfsins.

Hún gengur út í kalt næturloftið. Hún gengur öðruvísi. Henni líður einkennilega í allri mjaðmagrindinni og finnur fyrir smá sting í miðjunni fyrir neðan rassvöðvana. Hún gengur upprétt en mjög hægt (út af sársaukanum). Henni líður eins og hún sé mikilvæg. Enginn horfir á hana. Hún hugsar „ég er orðin kona“. Henni líður líka eins og hún hafi losnað við eitthvað heftandi. Hún er hrædd um að mamma hennar komist að því hvað hún hafi verið að gera (Það er sagt að mömmur viti þegar þetta gerist hjá dætrum þeirra í fyrsta skipti).

Þegar hún kemur heim skammar mamma hana fyrir að koma svona seint heim og Arcadia forðast að horfa framan í hana svo að hún sjái ekki á andlitinu á henni það sem gerst hafði. En hún er viss um að mamma skynjaði ekkert.

Arcadia fer að sofa, ánægð með að eiga enn eitt leyndarmálið falið fyrir mömmu. Nú eru þær jafningjar. Nú getur mamma ekki sett sig á háan hest.

Æ, já ég gleymdi. Fólk á eftir að spyrja:

Eiga Rauðhetta og Úlfurinn eftir að hittast aftur ?

Já, þau hittast aftur.

Og, já, þau sofa saman aftur.

En bara tvisvar sinnum, bæði skiptin jafn leiðinleg (fyrir hana), eins og það fyrsta. Svo leiðinleg að það er auðvelt að losa sig við hann, sleppa honum, elska hann aldrei, hverfa úr lífi hans, fela hann í svartholi gleymskunnar og minnst hans einungis eins og þreytandi verkefni þegar hún hugsar um fyrstu neðanjarðarborunina í göngunum sínum.

Arcadiu verður hugsað til goðsögunnar (fyrsta *manninum gleymir maður aldrei*), og þó það sé satt (af því að hún á aldrei eftir að gleyma álíka viðburði og öllu því tilheyrandi brasi), þá er ekki þar með sagt að maður minnst þess ávallt af virðingu, því fyrsta skiptið krefst ekki ástar né bindur einstaklinga órjúfanlegum böndum. Úlfurinn var ekki „Draumaprinsinn“.

Rauðhetta heldur áfram að ráfa um skóginn, gangandi/leitandi/ bíðandi.

Sem sagt, ein.

## Listarnir<sup>12</sup>

Vinkonurnar tala saman. Þær geta ekki sofið. Klukkan er rétt yfir miðnætti.

Þær ræða um alla þá karlmenn sem þær hafa sofið hjá. Þær rifja upp: Fyrir hugskotsjónum þeirra renna, augngotur, andlit, bros, bendingar.

- Eigum við að gera lista með nöfnum þeirra sem við höfum sofið hjá – segir önnur.
- Já allt í lagi- segir hin.

Þær setjast báðar við eldhúsbordíð með pappír og blýant í hendi. Hljóðar skrifa þær niður. Annað slagið líta þær upp, eins og til þess að muna betur.

- Ég er búin – segir önnur.
- Ég líka – segir hin.
- Núna teljum við.

Báðar telja. Hvorug þorir að verða fyrri til að segja frá sinni tölu.

En að lokum segja þær frá.

- 25

- 27

- Aha, þú hefur vinninginn.

- Þær hlæja báðar, hálf taugaveiklaðar.

- Nú skrifum við niður nánari lýsingu: aldur, störf, hvort þeir séu með skegg eða noti linsur.

Þær gera það. Síðan lesa þær upp og bera saman: Læknar, lögfræðingar, námsmenn, kennarar, giftir menn, einhleypir, menn eldri og yngri en þær, með skegg, án gleraugna, með ljóst hár og blá augu, ljótir og sætir. Þær hlæja aftur.

Eftir stutta þögn, spyr önnur þeirra:

- Af hverju heldur þú að maður geri þetta ?

- Geri hvað ?

- Sofi hjá svona mörgum mönnum? Ég á við að ég tel mig hvorki vera léttúðuga né lausláta, en þrátt fyrir það þá eru þetta svolítið margir karlmenn ef við tökum með í reikninginn að við erum aðeins 25 ára.

- Hin veltir vöngum í smástund, og segir:

- Þetta er leit.

- Leit ?

---

<sup>12</sup> Escudos, Jacinta, “Las listas” en *El desencanto* (San Salvador: Dirección de publicaciones e Impresos, Consejo Nacional para la Cultura y el Arte, 2001), 113-114.

- Já. Við leitum að einhverju sem við eigum aldrei eftir að finna. Við leitum að einhverju sem við þurfum nauðsynlega á að halda. Við leitum að ástinni. Og við missum aldrei vonina um að finna hana. Og eina leiðin til þess að finna ástina er að prófa, leita.

Þær þagna. Hugsa.

Morguninn nálgast.



## Hrat<sup>13</sup>

Núna er hún 35 ára og einsömul. Eftir alla þessa menn, eftir allan þennan tíma.

Hún er ein, með tímanum verður erfiðara að stofna til sambands, það er að segja sambands sem er eitthvað annað og meira en einnar nætur gaman.

Þegar hún fer á skemmtistaði, kaffihús eða í bíó, gefur hún karlmönnum auga en þeir taka ekki einu sinni eftir henni. Þeir vilja frekar þessar ungu, þessar sem eru 19, 20 ára. Jafnvel þó hún hugsar vel um sig og líti út fyrir að vera yngri en hún er, þá laðast karlmenn ekki að henni eins og áður, þegar hún þurfti að berja þá frá sér eins og flugur, þegar henni fundust allir, gjörsamlega allir sem hún kynntist vilja eitthvað með hana hafa.

Hún er ein og hefur ekki verið í sambandi, ekki einu sinni tímabundnu, síðan hvenær? Tveimur, þremur árum? Hún man það ekki einu sinni. Núna fylgist hún ekki einu sinni með tímanum.

Málið er jafnframt að núorðið hefur hún ekki einu sinni áhuga. Núna veit hún hvernig leikurinn gengur fyrir sig, núna veit hún hvað er sagt, þekkir lygina, uppgerðina.

Hún þekkir allt of vel leikreglurnar til þess að reyna að trúá aftur. Það er eins og hún vilji ekki eyða sekúndubroti af tíma sínum, huga eða og hjarta í að eltast við fleiri hillingar.

Hún er þreytt, örmagna, gröm.

Núna er hún þrjátíu og eitthvað ára gömul en líkami hennar er eins og hann var áður, þegar hún var ung. Eins og hann var þegar hún var snert í fyrsta skipti af karlmanni.

Áferð húðarinnar. Bringan á henni, barnslegur líkaminn, tvö lítil brjóst sem samsama sig vel nettum líkamanum. Ókvenlegum líkama. Kynlausum, án ákveðins forms. Húðin, ljósari, falin undir fötum fyrir sólinni, ljósinu, sársaukanum. Varnarleysi nektarinnar.

- Ég verð alltaf með barnslegan vöxt- hugsar hún.

Þetta er karlmannlegur líkami, drengslegur. Hann er ekki kvenlegur, ekki kynæsandi, ekki heldur barnslegur. Drengslegur líkami, grannur, þakinn oddum, dældum og alls konar formum. Beinir stingast út, endarnir á rifbeininum standa út, lífbeinið, bringubeinin sjást á yfirborði húðarinnar, eins og listfenginn útsaumur á búknum, útsýnið truflað af litlum fullkomnum brjóstum.

---

<sup>13</sup>Escudos, Jacinta, "Despojos" en *El desencanto* (San Salvador: Dirección de publicaciones e Impresos, Consejo Nacional para la Cultura y el Arte, 2001), 199-201.

Það á einhver karlmaður eftir að segja við hana að hann þori ekki að elska hana, af því honum finnst hún vera með stelpulegan vöxt en hjarta gamallar konu. Sem væri eins og að elska dóttur sína og móður á sama tíma, í sama líkama.

Og þetta er að einhverju leyti satt, hugsar Arcadia.

Hún horfir á sig í speglinum, skoðar drengslegan líkamann. Hann er í mótsögn við slitið, visnað, svikið, óendanlega þreytt hjartað, eins og í ævagamalli, hrukkóttri ekkju, íklæddri svörtu.

